

Ár 2013, þriðjudaginn 12. mars, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð á símatorgi Símans, 7557755, af Hilmarí Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið:
Málið nr. 1/2013
Blakdeild Ýmis / HK
gegn
Blaksambandi Íslands

Mætt eru í réttinn Inga Lillý Brynjólfsdóttir hdl. f.h. kæranda og Sævar Már Guðmundsson framkvæmdastjóri og Jóhannes Stefánsson BA í lögfræði f.h. kærða.

Gögn málsins nr. 1-24 liggja frammi. Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

DÓMUR:

.....

Dómsorð:


Kröfu kæranda um að ákvörðun stjórnar kærða dags. 17. janúar 2013 um að kæranda verði gert að greiða kr. 80.000 í sekt fyrir að mæta ekki til leiks á móti liði Þróttar Neskaupstað sunnudaginn 4. nóvember 2012 verði felld úr gildi, er hafnað.

Kröfu kæranda um að sett verði ný dagsetning á leik Ýmis gegn Þrótti Neskaupstað og að sú ákvörðun dómara um að Ýmir hafi tapað leiknum 3-0, þ.e.a.s. að úrslit leiksins dags. 4. nóvember 2012 hafi verið 25-0, 25-0 og 25-0, verði afturkölluð, er vísað frá dómi.

Dómsorðið er lesið í heyranda hljóði.

Aðilum er kynntur réttur til að áfrýja máli þessu til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ í gegn um skrifstofu ÍSÍ, að frestur til að áfrýja máli sé ein vika frá því að aðila var fyrst kunnugt um niðurstöðu máls. Er aðilum bent á kafla 4.3. í lögum ÍSÍ um áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Dómþingi slitið



Hilmar Gunnlaugsson.

Ár 2013, þriðjudaginn 12. mars, er dómþing Dómsstóls ÍSÍ háð á símatorgi Símans, 7557755, af Hilmarí Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið:
Málið nr. 1/2013
Blakdeild Ýmis / HK
gegn
Blaksambandi Íslands

Mætt eru í réttinn Inga Lilly Brynjólfsdóttir hdl. f.h. kæranda og Sævar Már Guðmundsson framkvæmdastjóri og Jóhannes Stefánsson BA í lögfræði f.h. kærða.

Gögn málsins nr. 1-24 liggja frammi. Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

DÓMUR:

.....

Dómsorð:

Kröfu kæranda um að ákvörðun stjórnar kærða dags. 17. janúar 2013 um að kæranda verði gert að greiða kr. 80.000 í sekt fyrir að mæta ekki til leiks á móti liði Þróttar Neskaupstað sunnudaginn 4. nóvember 2012 verði felld úr gildi, er hafnað.

Kröfu kæranda um að sett verði ný dagsetning á leik Ýmis gegn Þrótti Neskaupstað og að sú ákvörðun dómara um að Ýmir hafi tapað leiknum 3-0, þ.e.a.s. að úrslit leiksins dags. 4. nóvember 2012 hafi verið 25-0, 25-0 og 25-0, verði afturkölluð, er vísað frá dómi.

Dómsorðið er lesið í heyranda hljóði.

Aðilum er kynntur réttur til að áfrýja máli þessu til Áfrýjunardómsstóls ÍSÍ í gegn um skrifstofu ÍSÍ, að frestur til að áfrýja máli sé ein vika frá því að aðila var fyrst kunnugt um niðurstöðu máls. Er aðilum bent á kafla 4.3. í lögum ÍSÍ um áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Dómþingi slitið

Hilmar Gunnlaugsson.

F.H. BLÍ

Sævar Már



BLAKSAMBAND ÍSLANDS

Kt. 450274-0629

Engjavegi 6 · 104 Reykjavík

Sími 514-4111

Fax 514-1112

Hilmar Gunnlaugsson

Ár 2013, föstudaginn 8. mars, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð á símatorgi Símans, 7557755, af Hilmar Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið:
Málið nr. 1/2013
Blakdeild Ýmis / HK
gegn
Blaksambandi Íslands

Mætt eru í réttinn Inga Lillý Brynjólfsdóttir hdl. f.h. kæranda og Jason Ívarsson formaður og Jóhannes Stefánsson (joistef@gmail.com) BA í lögfræði f.h. kærða.

Gögn málsins nr. 1-24 liggja frammi.

Fer nú fram aðalmeðferð í málinu. Fyrst tekur til máls fyrir kæranda Inga Lillý Brynjólfsdóttir hdl. Hún rekur málavextir, reifar málsástæður og lagarök, ítrekar gerðar kröfur og leggur málið í dóm með hefðbundnum fyrirvara.

Þá tekur til máls Jóhannes Stefánsson fyrir kærða. Hann rekur málavexti, reifar málsástæður og lagarök, ítrekar gerðar kröfur og leggur málið í dóm með hefðbundnum fyrirvara.

Þá tekur Inga Lillý Brynjólfsdóttir að nýju til máls, ítrekar gerðar kröfur og leggur málið í dóm. Þá tekur Jóhannes Stefánsson að nýju til máls, ítrekar gerðar kröfur og leggur málið í dóm.

Málið er tekið til dóms. Boðað verður með tölvupósti til uppkvaðningar dóms.

Endurrit þetta er sent aðilum í tölvupósti og er farið fram á að aðilar prenti það út, undirriti og sendi dómara undirritað í tölvupósti eða á faksið 580 7901.

Dómþingi slitið
Hilmar Gunnlaugsson



BLAKSAMBAND ÍSLANDS
Kt. 450274-0629
Engjavegi 6 - 104 Reykjavík
Sími 514-4111
Fax 514-1112

F. H. BLI

Ár 2013, föstudaginn 8. mars, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð á símatorgi Símans, 7557755, af Hilmarí Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið:
Málið nr. 1/2013
Blakdeild Ýmis / HK
gegn
Blaksambandi Íslands

Mætt eru í réttinn Inga Lillý Brynjólfsdóttir hdl. f.h. kæranda og Jason Ívarsson formaður og Jóhannes Stefánsson (joistef@gmail.com) BA í lögfræði f.h. kærða.

Gögn málsins nr. 1-24 liggja frammi.

Fer nú fram aðalmeðferð í málinu. Fyrst tekur til máls fyrir kæranda Inga Lillý Brynjólfsdóttir hdl. Hún rekur málavextir, reifar málsástæður og lagarök, ítrekar gerðar kröfur og leggur málið í dóm með hefðbundnum fyrirvara.


Þá tekur til máls Jóhannes Stefánsson fyrir kærða. Hann rekur málavexti, reifar málsástæður og lagarök, ítrekar gerðar kröfur og leggur málið í dóm með hefðbundnum fyrirvara.

Þá tekur Inga Lillý Brynjólfsdóttir að nýju til máls, ítrekar gerðar kröfur og leggur málið í dóm. Þá tekur Jóhannes Stefánsson að nýju til máls, ítrekar gerðar kröfur og leggur málið í dóm.

Málið er tekið til dóms. Boðað verður með tölvupósti til uppkvaðningar dóms.

Endurrit þetta er sent aðilum í tölvupósti og er farið fram á að aðilar prenti það út, undirriti og sendi dómara undirritað í tölvupósti eða á faksið 580 7901.

Dómþingi slitið
Hilmar Gunnlaugsson



Ár 2013, miðvikudaginn 6. mars, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð á símatorgi Símans, 7557755, af Hilmari Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið:
Málið nr. 1/2013
Blakdeild Ýmis / HK
gegn
Blaksambandi Íslands

Mætt eru í réttinn Inga Lilly Brynjólfsdóttir hdl. f.h. kæranda og Sævar Már Guðmundsson framkvæmdastjóri og Jóhannes Stefánsson (joistef@gmail.com) BA í lögfræði f.h. kærða.

Lagt er fram:

Nr. 1 Kæra, ásamt þar tilgreindum fylgiskjölum sem fá númerin 2 - 14.

Nr. 15 Greinargerð, ásamt þar til greindum fylgiskjölum, utan fylgiskjala nr. 8 og 10, sem fá númerin 16 - 24.

Fram kemur hjá dómara að eintak hans af kærinni á dskj. 1 endi á bls. 4 með umfjöllun um fylgiskjal 6, og því vanti væntanlega öftustu síðu kærunnar. Kærandi mun senda dómara og fyrirvarsmönnum kærðu það sem upp á vantar utan réttar.

Fram kemur að fyrirvarsmenn kærðu eru ólöglerðir og mun dómari því leiðbeina aðilum um framgang málsins.

Um er að ræða sama mál og kom til kasta dómsins sem mál nr. 13/2012, sbr. dskj. 13. Af hálfu kærða fylgdi einnig úrskurður sem fylgiskjal 8, en þar sem það er sama dskj. og dskj. 13 frá kæranda, þá verður það ekki þingmerkt að nýju. Af hálfu kærða fylgir einnig bréf kærða dags. 17. janúar 2013 sem fylgiskjal 10, en það var einnig lagt fram af hálfu kæranda sem fylgiskjal nr. 14. Verður það því ekki þingmerkt að nýju.

Farið er yfir feril málsins og tilkynnir dómari að hann muni hafa flutning þess munnlegan. Aðilar lýsa því yfir að þeir telji öflun sýnilegra sönnunargagna lokið. Þá telja aðilar ekki þörf á vitna- eða aðilaskýrslum. Aðilar eru sammála um að stefna að óbreyttu að flutningi málsins föstudaginn 8. mars n.k. kl. 14:30, sem einnig verður næsta þinghald.


Fram kemur hjá kæranda að vilji sé til að leysa málið með sátt. Af hálfu kærða er staðfest að ekki hafi tekist að sætta málið.

Ákveðið er að hafa næsta þinghald á föstudaginn 8. mars kl. 14:30 á sama stað (símatorg Símans, 7557755, fundanúmer 580 7900).

Endurrit þetta er sent aðilum í tölvupósti og er farið fram á að aðilar prenti það út, undirriti og sendi dómara undirritað í tölvupósti eða á faksið 580 7901.

Dómþingi slitið
Hilmar Gunnlaugsson

f.h. Blaksambands Íslands



Ár 2013, miðvikudaginn 6. mars, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð á símatorgi Símans, 7557755, af Hilmar Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið:
Málið nr. 1/2013
Blakdeild Ýmis / HK
gegn
Blaksambandi Íslands

Mætt eru í réttinn Inga Lilly Brynjólfsdóttir hdl. f.h. kæranda og Sævar Már Guðmundsson framkvæmdastjóri og Jóhannes Stefánsson (joistef@gmail.com) BA í lögfræði f.h. kærða.

Lagt er fram:

Nr. 1 Kæra, ásamt þar tilgreindum fylgiskjölum sem fá númerin 2 - 14.

Nr. 15 Greinargerð, ásamt þar til greindum fylgiskjölum, utan fylgiskjala nr. 8 og 10, sem fá númerin 16 - 24.

Fram kemur hjá dómara að eintak hans af kærinni á dskj. 1 endi á bls. 4 með umfjöllun um fylgiskjal 6, og því vanti væntanlega öftustu síðu kærinnar. Kærandi mun senda dómara og fyrirsvarsmönnum kærðu það sem upp á vantar utan réttar.

Fram kemur að fyrirsvarsmenn kærðu eru ólöglerðir og mun dómari því leiðbeina aðilum um framgang málsins.

Um er að ræða sama mál og kom til kasta dómsins sem mál nr. 13/2012, sbr. dskj. 13. Af hálfu kærða fylgdi einnig úrskurður sem fylgiskjal 8, en þar sem það er sama dskj. og dskj. 13 frá kæranda, þá verður það ekki þingmerkt að nýju. Af hálfu kærða fylgir einnig bréf kærða dags. 17. janúar 2013 sem fylgiskjal 10, en það var einnig lagt fram af hálfu kæranda sem fylgiskjal nr. 14. Verður það því ekki þingmerkt að nýju.


Farið er yfir feril málsins og tilkynnir dómari að hann muni hafa flutning þess munnlegan. Aðilar lýsa því yfir að þeir telji öflun sýnilegra sönnunargagna lokið. Þá telja aðilar ekki þörf á vitnaeða aðilaskýrslum. Aðilar eru sammála um að stefna að óbreyttu að flutningi málsins föstudaginn 8. mars n.k. kl. 14:30, sem einnig verður næsta þinghald.

Fram kemur hjá kæranda að vilji sé til að leysa málið með sátt. Af hálfu kærða er staðfest að ekki hafi tekist að sætta málið.

Ákveðið er að hafa næsta þinghald á föstudaginn 8. mars kl. 14:30 á sama stað (símatorg Símans, 7557755, fundanúmer 580 7900).

Endurrit þetta er sent aðilum í tölvupósti og er farið fram á að aðilar prenti það út, undirriti og sendi dómara undirritað í tölvupósti eða á faxið 580 7901.

Dómþingi slitið
Hilmar Gunnlaugsson



Ár 2013, þriðjudaginn 12. mars, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð á símatorgi Símans, 7557755, af Hilmari Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið:
Málið nr. 1/2013
Blakdeild Ýmis / HK
gegn
Blaksambandi Íslands

Mætt eru í réttinn Inga Lilly Brynjólfsdóttir f.h. kæranda og Sævar Már Guðmundsson framkvæmdastjóri kærða og Jóhannes Stefánsson BA í lögfræði f.h. kærða.

Skjöl málsins nr. 1 – 24 liggja frammi. Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

DÓMUR:

I. Dómkröfur.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu ÍSÍ 22. janúar sl. Kærandi er Blakdeild Ýmis Handknattleiksfélags Kópavogs, kt. 630981-0269, Furugrund 83, Kópavogi. Kærði er stjórn Blaksambands Íslands, kt. 450274-0629, Engjavegi 6, Reykjavík.

Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstól ÍSÍ 22. janúar 2012. Með bréfi dagsettu 28. febrúar var kærða gefinn frestur til miðvikudagsins 6. mars til að skila greinargerð í málinu. Þann 6. mars var málið þingfest og fór aðalmeðferð fram í því þann 8. mars sl. Í kjölfarið var málið dómtekið þann 8. mars sl.

Dómkröfur kæranda eru svofelldar:

Að ákvörðun stjórnar Blaksambands Íslands dags. 17. janúar 2013 um að blakdeild Ýmis verði gert að greiða kr. 80.000 í sekt fyrir að mæta ekki til leiks á móti liði Þróttar í Neskaupstað sunnudaginn 4. nóvember 2012, verði felld úr gildi.

Þá er þess krafist að sett verði ný dagsetning á leik Ýmis gegn Þrótti Neskaupstað og að sú ákvörðun dómara um að Ýmir hefði tapað leiknum 3-0, þ.e.a.s. að úrslit leiksins dags. 4. nóvember 2012 hafi verið 25-0, 25-0 og 25-0, verði afturkölluð.

Dómkröfur kærða eru svofelldar:

Stjórn Blaksambands Íslands krefst þess að kröfu blakdeildar Ýmis / HK um að ákvörðun stjórnar BLÍ dags. 17. janúar 2013 skuli felld úr gildi verði hafnað og að blakdeild Ýmis / HK verði gert að lúta ákvörðun stjórnar BLÍ dags. 17. janúar 2013.

Jafnframt krefst stjórn BLÍ þess að ákvörðun aðaldómara um að úrslit leiksins, 3-0 (25-0, 25-0, 25-0) Þrótti Neskaupstað í vil, standi óröskuð.

II. Málsatvik.

1. Lið Ýmis (hér einnig kallað kærandi) í 1. deild kvenna í Íslandsmótinu í blaki átti leik við lið Þróttar Neskaupstað þann 3. nóvember 2012 kl. 13.30.
2. Með tölvubréfi dagsettu 2. nóvember 2012, kl. 12.29 sendi fulltrúi kæranda erindi til kærða þar sem óskað var eftir frestun leiksins og sérstaklega tekið fram að ómögulegt væri fyrir kæranda að færa leikinn yfir til sunnudags og því þyrfti að finna aðra dagsetningu ef af frestun yrði.

3. Sama dag kl. 12.54 svaraði framkvæmdastjóri kærða póstinum, upplýsti að samkvæmt reglugerð um frestanir leikja yrðu leik aðeins frestað ef um lokaða leið yrði að ræða og að fresta yrði innan leikhelgarinnar. Jafnframt var sent eintak af reglugerð um frestanir leikja í viðhengi.
4. Klukkan 15.26 þennan sama dag sendi framkvæmdastjóri kærða nýjan tölvupóst til fulltrúa kæranda þar sem sagði: „*Nú stendur fyrir dyrum að leikur Þróttar Nes og Ýmis gæti frestast sökum veðurs á morgun laugardag. Lið Ýmis á flug með fyrstu vél í fyrramálið. Verði vélin ekki farin í loftið kl. 11.00 frestast leikurinn um 1 sólarhring, þ.e. til sunnudagsins 4. nóvember kl. 13.30.*“ Þá kom fram í tölvupóstinum að framkvæmdastjórinn óskaði eftir því að fulltrúi kæranda yrði í sambandi við sig með stöðu á fluginu morgunin eftir og að dómarrar leiksins og allir sem að málinu koma fái afrit af póstinum, þar á meðal mótanefnd kærða.
5. Þann 3. nóvember 2012 kl. 11.18 sendi framkvæmdastjóri kærða tölvubréf á sama hóp og upplýsti að næsta athugun á flugi til Egilsstaða væri kl. 13 og því hefði verið ákveðið að fresta leiknum til sunnudagsins 4. nóvember kl. 13.30.
6. Af hálfu kæranda er á því byggt að ákveðið hafi verið munnlega að framkvæmdastjóri kærða og fulltrúi kæranda yrðu í sambandi á sunnudagsmorgni til að meta aðstæður. Fullyrðir kærandi að símtölum hafi ekki verið svarað.
7. Fyrir liggur að Þróttur Nes. mætti til leiks ásamt dómurum og riturum og var leikurinn flautaður á kl. 13.30 sunnudaginn 4. nóvember 2012 í Neskaupstað. Lið Ýmis var ekki mætt og ber leikskýrsla með sér að leikurinn hafi verið flautaður á og af og að úrslit leiksins hafi verið 3-0, þar sem allar hrinurnar hafi farið 25-0.
8. Kærandi kveðst ekkert hafa heyrt frá framkvæmdastjóra kærða en á þriðjudeginum 6. nóvember 2012 hafi birst frétt á heimasíðu kærða þar sem fram hafi komið að leikurinn hafi verið flautaður á sunnudaginn 4. nóvember 2012 og svo flautaður af þar sem Ýmir mætti ekki til leiks.
9. Af hálfu kæranda var þegar þann 6. nóvember 2012 ritað bréf til stjórnar kærða með rökstuðningi fyrir þeirri ákvörðun kæranda að fara ekki með flugvél til Egilsstaða að morgni þess 4. nóvember 2012.
10. Svar barst þann 7. nóvember 2012 frá formanni kærða þar sem upplýst var að stjórn kærða hefði ekki fjallað um málið og því hefði engin ákvörðun verið tekin um fjársekt eins og fréttin bar hins vegar með sér. Var beðist afsökunar á því, en jafnframt upplýst að innan fárra daga myndi stjórn kærða fjalla um málið.
11. Á fundi stjórnar kærða þann 9. nóvember 2012 var fjallað um málið og komist að þeirri niðurstöðu að leiðin á leikstað hafi verið fær sunnudaginn 4. nóvember 2012 og því ekki verið ástæða fyrir lið Ýmis að mæta ekki leiks, „*enda fór félagið ekki fram á frekari frestun á umræddum leik.*“ Var kæranda þar gert að greiða kr. 80.000 í sekt fyrir það að mæta ekki í umræddan leik, í samræmi við reglugerð þar að lútandi.
12. Með bréfi dagsettu 12. nóvember 2012, sem sent var til kæranda í tölvupósti þann 13. nóvember 2012, var kæranda tilkynnt um þessa afgreiðslu stjórnar kærða.
13. Kærandi sendi inn kæru til dómstóls ÍSÍ þann 20. nóvember 2012 vegna afgreiðslu kærða frá 9. nóvember 2012. Dómkröfur í þeirri kæru eru nákvæmlega þær sömu og í þessu máli, að breyttu breytanda hvað varðar dagsetningu á ákvörðun kærða.

14. Með úrskurði dómstóls ÍSÍ dags. 17. desember 2012 var hin kærða ákvörðun frá 9. nóvember 2012 felld úr gildi.
15. Kærði tók máli fyrir að nýju og í bréfi formanns kærða dags. 17. janúar 2013 var leitast við að bæta úr þeim formgöllum sem voru á fyrri ákvörðun samkvæmt úrskurði dómstóls ÍSÍ og sama ákvörðun tekin, þ.e. að kærandi skyldi greiða kr. 80.000 í sekt fyrir það að mæta ekki í leik liðsins gegn Þrótti Neskaupstað sunnudaginn 4. nóvember 2012.
16. Samkvæmt kæru var síðastnefnd ákvörðun kærða birt forsvarsmanni kæranda samdægurs, eða þann 17. janúar 2013.
17. Kærandi skaut máli þessu að nýju til dómstóls ÍSÍ með kæru dagsettri 22. janúar 2013 eins og áður hefur komið fram.

III. Málalíbúnaður kæranda.

1. Kærandi byggir á því að fresta hefði átt leik Þróttar Neskaupstað og Ýmis um ótiltekin tíma með vísan til reglugerðar kærða um frestanir leikja, þar sem mikill veðurofsi hafði geisad um landið dagana fyrir og um þessa helgi. Ástandið hafi verið verst á Norður- og Austurlandi. Einnig hafi fallið snjóflóð í Fagradal 2. nóvember. Það að flugfært hafi verið frá Reykjavík til Egilsstaða geti ekki réttlætt tap og fjársekt þess liðs sem mætir ekki þegar illfært sé til Neskaupstaðar. Um langa og hættulega leið sé að ræða, sérstaklega yfir vetrartímamann og enn frekar þegar veðrið hefur verið slæmt og allt ófært nokkrum klukkustundum áður. Kærandi hafi leigt sér stóra bifreið til að aka frá Egilsstöðum til Neskaupstaðar en þessi bifreið hafi ekki verið sérútbúin fyrir slæma færð.
2. Í kæru kemur fram að lið kæranda hafi á að skipa reynslumiklum leikmönnum með áratuga reynslu af ferðalögum og það hafi verið samhljóða mat þeirra að ábyrgðarlaust væri og óskynsamlegt að leggja í þessa för. Þjálfari kæranda, sem væri fæddur og uppalinn í Neskaupstað, taldi ekki skynsamlegt að fara út í óvissuna þrátt fyrir að flogið yrði til Egilsstaða, enda óvíst með færð á þeim tíma sem ákvörðun um að fara ekki var tekin.
3. Þá telur kærandi að framkvæmdastjóri kærða virðist hafa tekið það upp á sitt einsdæmi að fresta ekki leiknum en í raun hafi það verið mótanefnd kærða sem hefði átt að taka ákvörðun um það. Hafi forsvarsmönnum kæranda ekki verið bent á að mótanefnd hefði síðasta orðið í ákvörðunartöku og því hafi bæði þjálfari og forsvarsmáður talið réttast að beina erindinu til framkvæmdastjórans. Ekki komi fram á heimasíðu kærða hverjir skipi mótanefnd kærða og hvernig eigi að hafa samband við mótanefnd til að fá leik frestað.
4. Telur kærandi að 4. gr. reglugerðar um frestun leikja hafi átt við þegar ákvörðun var tekin, þar sem ófært hafi verið á þeirri stundu og leiðir lokaðar. Einnig er vísað sjálfstætt til orðalags greinarinnar um „eða annarra ófyrirsjáanlegra aðstæðna“ í ljósi slæmrar færðar um hættulega fjallvegi.
5. Kærandi telur ákvörðun kærða gallaða að því leyti að stjórn kærða tók ekki beina afstöðu til þess um að leikurinn skyldi talinn tapaður 3-0 af hálfu kæranda. Að mati kæranda ætti stjórn kærða með réttu að fjalla um þetta atriði sérstaklega og taka ákvörðun um tapið og síðan sektina í framhaldi af því. Það hafi ekki verið gert og telur kærandi að því eigi að vísa hinni kærðu ákvörðun frá. Kærandi hafi aldrei haft möguleika á að bera ákvörðun um tapið undir dómstól ÍSÍ, en komist dómstóllinn að því að sú ákvörðun Ýmis að mæta ekki

til leiks vegna veðurofsa hafi verið afsakanleg, þá eigi að taka afstöðu til þess hvort leikurinn sé þá tapaður eður ei.

IV. Málalímbúnaður kærða.

1. Kærði byggir á því að leiðir hafi ekki verið lokaðar á leikstað vegna veðurs, ófærðar eða annarra ástæðna, sbr. 4. gr. reglugerðar um frestanir leikja. Því hafi ekki verið heimilt að fresta leiknum á sunnudeginum 4. nóvember 2012.
2. Kærði lagði fram staðfestingu á því að flug það sem kærandi átti pöntuð sæti með frá Reykjavík til Egilsstaða að morgni 4. nóvember 2012 var flogið. Þá hefur kærði lagt fram gögn frá Vegagerðinni sem sýna að kl. 8.08 að morgni sunnudagsins hafi vegurinn um Fagradal (milli Egilsstaða og Reyðarfjarðar) verið fær og að fyrr á sunnudagsmorgninum hafi vegurinn milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar annars vegar og um Oddskarð (milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar) verið orðnir færir.
3. Kærði heldur því fram að af hálfu aðstandenda Þróttar Neskaupstað hafi verið lýst yfir vilja til að koma á vel útbúnum ökutækjum til Egilsstaða og sækja lið kæranda á flugvöllinn.
4. Þá telur kærði að orðalagið „aðrar ófyrirsjáanlegar aðstæður“ í 4. gr. reglugerðar vísi til aðstæðna sem valda því að leið er lokað, en ekki aðstæðna sem valda því að lið mætir ekki til leiks.
5. Kærði hafnar því að ágalli sé á ákvörðun sinni frá 17. janúar sl. þar sem þar hafi ekki verið sérstaklega ákveðið af stjórn kærða að leikurinn sem fara átti fram 4. nóvember 2012 skuli teljast tapaður af kæranda. Telur kærði að ákvörðun um úrslit leiksins hafi verið tekin af dómara leiksins þann 4. nóvember 2012 og það sé endanleg ákvörðun. Vísar kærði til greinar 7.5.2. í leikreglum Blaksambands Íslands, sbr. grein 7.5.1., máli sínu til stuðnings.
6. Þá telur kærði að kærandi hafi ekki rökstutt þá dómkröfu sína að leika beri leikinn að nýju. Er á því byggt að hún sé vanreifuð.

V. Forsendur og niðurstöður.

1. Eins og að framan er rakið, þá kom mál vegna sama sakarefnis til kasta dómstóls ÍSÍ sem mál nr. 13/2012. Lauk því máli með úrskurði dagsettum 17. desember 2012, þar sem hin kærða ákvörðun var úr gildi felld. Með hinni kærðu ákvörðun var sérstaklega tilgreint að þar væri um ákvörðun stjórnar kærða um sektargreiðslu kæranda að ræða frá 9. nóvember 2012.
2. Dómkrafa kæranda er að breyttu breytanda algerlega sambærileg í þessu máli og máli 13/2012. Hún lýtur í raun að þremur atriðum, þ.e.
 - 2.1. að ákvörðun stjórnar um að kæranda verði gert að greiða 80.000 kr. í sekt, verði felld úr gildi.
 - 2.2. að ný dagsetning verði sett á leik Ýmis gegn Þrótti Neskaupstað og
 - 2.3. að sú ákvörðun dómara um að Ýmir hafi tapað leiknum 3-0, verði afturkölluð.
3. Í grein 36.1 í lögum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) kemur m.a. fram að dómstóll ÍSÍ getur dæmt leiki ógilda og látið endurtaka þá eða dæmt um úrslit þeirra, auk efnisniðurstöðu í máli. Verður því að telja að kröfugerð kæranda rúmist innan mögulegra valdheimilda dómstóls ÍSÍ.
4. Hins vegar verður ekki litið fram hjá því, að ákvörðun dómara um úrslit leiks Þróttar Neskaupstað og Ýmis þann 4. nóvember 2012 var tekinn samdægurs. Þá liggur fyrir að kæranda urðu úrslit leiksins ljós ekki síðar en 6. nóvember 2012. Kæra var upphaflega lögð fram 20. nóvember 2012 í máli nr. 13/2012.

Voru þá liðnir 16 dagar frá því að ákvörðun dómara í leiknum um úrslit hans var tekin og 14 dagar frá því að kæranda var sú ákvörðun ljós. Verður því þegar af þessari ástæðu að vísa kröfu kæranda um að ákvörðun dómara um úrslit leiksins verði afturkölluð frá dómi, þar sem hún var ekki sett innan þess frests sem markaður er í 1. mgr. 24. gr. laga ÍSÍ.

5. Ekki fæst séð að niðurstaða þessi gangi gegn niðurstöðu dómstólsins í máli nr. 13/2012, en þar var niðurstaðan sú að hin kærða ákvörðun frá 9. nóvember 2012 væri úr gildi felld. Hefur dómstóllinn því ekki áður tekið afstöðu til þess hvort ákvörðun dómara frá 4. nóvember 2012 skyldi halda sér eður ei.
6. Það leiðir af eðli málsins, að fyrst komist hefur verið að þeirri niðurstöðu að úrslit leiksins standi óbreytt, þá eru ekki efni til að nýta sérstaka heimild dómstólsins til að ákveða að láta endurtaka leikinn, auk þess sem telja verður að kærufrestur sé einnig liðinn hvað þá kröfu varðar, þar sem hún sækir einnig uppruna sinn í ákvörðun dómara þann 4. nóvember 2012. Verður þeirri kröfu því einnig vísað frá dómi.
7. Kærandi hefur með réttum hætti skotið til dómstóls ÍSÍ þeirri ákvörðun kærða að gera kæranda sekt að fjárhæð 80.000 kr. þar sem ekki var mætt til leiks. Ákvörðun kærða um þessa sekt byggir á grein 9 í reglugerð um frestanir leikja. Þar segir m.a.: „*Mæti lið ekki til leiks í 1. deild eða í bikarkeppni BLÍ skal viðkomandi lið tapa leiknum 3-0, (25-0, 25-0, 25-0). Jafnframt skal sama lið vera sektað um krónur 80.000,-. Verði sektin ekki greidd innan þeirra tímamarka sem stjórn BLÍ ákveður getur hún útilokað umrætt lið frá allri keppni á vegum BLÍ þar til skuldin hefur verið greidd eða um hana samið.*“
8. Í málavaxtalýsingu er farið ítarlega yfir atvik dagana 2. – 4. nóvember 2012. Af hálfu kæranda virðist því ekki vera mótmælt að fært hafi verið sunnudaginn 4. nóvember 2012, en þó er á því byggt af hálfu kæranda að það hafi ekki verið fullljóst hvort fjallvegir væru færir þegar ákveða þurfti hvort fara ætti í flugvél í Reykjavík að morgni sunnudagsins og að þó leiðin hafi verið fær, þá hafi afar sérstakar aðstæður gert það að verkum að glannalegt hefði verið og óskynsamlegt að fara til Norðfjarðar til að spila leikinn.
9. Eins og vikið hefur verið að er í gildi sérstök reglugerð um frestanir leikja á vegum kærða. Er þar sérstaklega fjallað um tilvik ef leiðir eru lokaðar þannig að lið kemst ekki til leiks vegna veðurs, ófærðar eða annarra ófyrirsjáanlegra ástæðna.
10. Óumdeilt er í málinu að fært var með flugi að morgni sunnudagsins 4. nóvember 2012 frá Reykjavík til Egilsstaða. Þá verður ekki talið, að kærandi hafi hrakið upplýsingar sem kærði hefur lagt fram því til stuðnings, að akvegir frá Egilsstöðum til Neskaupstaðar hafi verið færir frá kl. 8.08 að morgni sunnudagsins 4. nóvember 2012. Verður því að fallast á það með kærða, að skilyrðum 4. gr., sbr. 6. gr. reglugerðar um frestanir leikja, fyrir frekari frestun leiks Þróttar Neskaupstað og kæranda, hafi ekki verið fullnægt.
11. Þegar af þessari ástæðu verður að fallast á það með kærða, að kærandi hafi ekki haft fullnægjandi afsakanir fyrir því að hafa ekki mætt í leikinn. Því hafi stjórn kærða verið bær til að ákvarða sekt að fjárhæð kr. 80.000 á kæranda. Sú fjárhæð er ákveðin í reglugerð kærða og sætir ekki endurskoðun hvað fjárhæð varðar. Verður kröfu kæranda um að ákvörðun um sekt verði felld úr gildi því hafnað.
12. Dóm þennan kvað upp Hilmar Gunnlaugsson dómari í dómstól ÍSÍ.

Dómsorð:


Kröfu kæranda um að ákvörðun stjórnar kærða dags. 17. janúar 2013 um að kæranda verði gert að greiða kr. 80.000 í sekt fyrir að mæta ekki til leiks á móti liði Þróttar Neskaupstað sunnudaginn 4. nóvember 2012 verði felld úr gildi, er hafnað.

Kröfu kæranda um að sett verði ný dagsetning á leik Ýmis gegn Þrótti Neskaupstað og að sú ákvörðun dómara um að Ýmir hafi tapað leiknum 3-0, þ.e.a.s. að úrslit leiksins dags. 4. nóvember 2012 hafi verið 25-0, 25-0 og 25-0, verði afturkölluð, er vísað frá dómi.

Dómsorðið er lesið í heyranda hljóði.

Aðilum er kynntur réttur til að áfrýja máli þessu til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ í gegn um skrifstofu ÍSÍ, að frestur til að áfrýja máli sé ein vika frá því að aðila var fyrst kunnugt um niðurstöðu máls. Er aðilum bent á kafla 4.3. í lögum ÍSÍ um áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Dómþingi slitið



Hilmar Gunnlaugsson.

Til Dómsstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands

Kópavogur 22. janúar 2012

Engjavegi 6, 104 Reykjavík

Mr. I. Lillý
Dómsstól ISÍ
6/3 '13

Kærandi:

Blakdeild Ýmis / Handknattleiksfélag Kópavogs (HK)
Kt. 630981-0269
Furugrund 83, Kópavogi

Fyrirsvarsmaður kæranda:

Inga Lillý Brynjólfssdóttir
Kt. 081279-3149
Turninum, Smáratorgi 3, Kópavogi
S: 533-3200 / 866-8202 fax: 533-3201
Netfang: ingalilly@acta.is

Kærði:

Stjórn Blaksambands Íslands
Kt. 450274-0629
Engjavegi 6, Reykjavík

1. Dómkröfur:

Að ákvörðun stjórnar Blaksambands Íslands dags. 17. janúar 2013 um að blakdeild Ýmis verði gert að greiða kr. 80.000,- í sekt fyrir að mæta ekki til leiks á móti liði Þróttar á Neskaupsstað sunnudaginn 4. nóvember, verði felld úr gildi. Ákvörðunin var birt forsvarsmanni Ýmis fimmtudaginn 17. janúar 2013 og berst því kæran innan kærufrests skv. 1. mgr. 24. gr. laga ÍSÍ.

Þá er þess krafist að sett verði ný dagsetning á leik Ýmis gegn Þrótti Neskaupstað og að sú ákvörðun dómara um að Ýmir hefði tapað leiknum 3-0, þ.e.a.s. að úrslit leiksins dags. 4. nóvember sl. hafi verið 25-0, 25-0 og 25-0, verði afturkölluð.

2. Málavextir:

Lið Ýmis í 1.deild kvenna í Íslandsmóttinu í blaki átti leik á móti liði Þróttar Neskaupstað þann 3. nóvember sl. Um var að ræða heimaleik Þróttar sem átti að fara fram á Neskaupstað. Mikið óveður var á öllu landinu þessa umræddu helgi og því fór Ýmir fram á að leiknum yrði frestað. Íþróttakeppnum og mótum var frestað um ótiltekinn tíma hjá flestum öðrum sérsamböndum vegna veðurs. Þ.á.m. fimleikamóti á Akureyri og körfuboltamóti á Stykkishólmi. Haft var samband við framkvæmdastjóra Blaksambands Íslands (BLÍ) strax á fimmtudeginum 1. nóvember sem sagði reglugerð BLÍ kveða á um sólarhringsfrestun ef ekki yrði fært á keppnisstað. Þann 2. nóvember sendi einn liðsmaður Ýmis formlagan tölvupóst á forsvarsmenn Þróttar Nes auk BLÍ þar sem farið var fram á frestun leiksins um ótiltekinn tíma þar sem ekki yrði orðið fært þann 3. nóvember og mikil óvissa ríkti með færð 4. nóvember (fylgiskj. nr. 1). Þar að auki voru liðsmenn Ýmis búnir að ráðstafa sér í önnur verkefni sunnudaginn 4. nóvember sem erfitt yrði að breyta. Beiðni um frestun fram yfir 4. nóvember var hafnað og því gerðu liðsmenn Ýmis ráðstafanir og breyttu sínum áætlunum þannig að hægt væri

að mæta til leiks á sunnudeginum ef til þess kæmi. Ekki var flogið frá Reykjavík til Egilsstaða laugardaginn 3. nóvember og því var flugmiðum leikmanna Ýmis breytt í flug að morgni hins 4. nóvember (fylgiskj.nr.2). Auk þess var bókun á bílaleigubíl frá Hertz breytt þannig að hann yrði tiltækur að morgni hins 4. nóvember.

Sunnudagurinn 4. nóvember rann upp og voru liðsmenn Ýmis búnir að fylgjast með veðri og færð á Austurlandi frá miðnætti. Flugáætlanir höfðu hafist að nýju rétt um kl. 18:00 laugardaginn 3. nóvember en algjör ófærð var frá Egilsstöðum til Neskaupstaðar til snemma morguns sunnudagsins 4. nóvember. Lið Ýmis átti flug kl. 9:15 frá Reykjavíkflugvelli og því var mæting eigi síðar en kl. 8:45. Áður en haldið var út á flugvöll var staðan tekin í síðasta sinn um kl. 8:00. Á þeim tíma var þungfært í Fagradal og hált í Oddsskarði (fylgiskj. nr. 3) en vegurinn um Oddsskarð er talinn erfiður og hættulegur jafnvel þegar ekki er hált (fylgiskj. nr. 4). Þungfærð skv. skilgreiningu Vegagerðarinnar er þegar vegyfirborð er þakið af snjó með þykkt meiri en 20 cm og/eða stökum sköflum og færð þannig að ekki telst öruggt færi nema fyrir jeppa og stærri ökutæki. (fylgiskj. nr. 5) Lið Ýmis tók því ákvörðun rétt upp úr kl. 8:00 að morgni hins 4. nóvember að mæta ekki í flugið til Egilsstaða upp á von og óvon um að það yrði fært á Neskaupstað við landingu. Í ljósi þess að ófært hafði verið þangað frá fimmtudegi 1. nóvember þá töldum við ekki miklar líkur á að ástandið myndi batna mikið á þeim 60 mínútum sem tekur að fljúga frá Reykjavík til Egilsstaða. Þá hafði fallið snjóflóð í Fagradal á föstudeginum 2. nóvember og því töldum við þetta háskaför mikla og það yrði hreinlega að fresta leiknum.

Að kvöldi hins 3. nóvember hafði þjálfari Ýmis, Brynjar J. Pétursson, samband við framkvæmdastjóra BLÍ og óskað eftir því að leiknum yrði frestað. Framkvæmdastjórinn kvaðst lítið geta gert í því þar sem ekki lægi fyrir að það yrði ófærð þann 4. nóvember sem réttlætti frestun á leiknum auk þess sem Þróttur Neskaupstað vildi ekki fresta honum. Urðu mennirnir ásáttir um að heyrast að morgni hins 4. nóvember og meta aðstæður þá. Þegar kom að því að taka ákvörðun um hvort það ætti að leggja upp í þessa för eður ei að morgni hins 4. nóvember var haft samband við framkvæmdastjóra BLÍ sem svaraði ekki símtölum. Einnig hafði þjálfari Ýmis samband við þjálfara Þróttar, Matthías Haraldsson, sem sýndi erindinu fullan skilning en vildi þó ekki fresta leiknum nema BLÍ tæki ákvörðun um frestun. Sýndu liðsmenn og þjálfari Ýmis fullan skilning á þeirri afstöðu Þróttar enda kemur þessi staða oft upp að ófært og illfært sé á Neskaupstað á leikdögum þeirra. Ákvörðunin yrði þá að vera í höndum BLÍ en þar sem forsvarsmaður sambandsins svaraði ekki síma sínum þá tóku liðsmenn Ýmis þá ákvörðun að mæta ekki til leiks og gerðu ráð fyrir því að BLÍ myndi sýna þeirri ákvörðun skilning og styðja hana þegar upplýsingar um færð og veður yrðu metnar.

Framkvæmdastjóri BLÍ lét ekki í sér heyra en þriðjudaginn 6. nóvember birtist frétt á heimasíðu BLÍ www.bli.is (fylgiskj. nr. 6) þar sem fram kom að leikurinn hefði verið flautaður á sunnudaginn 4. nóvember og svo flautaður af þar sem Ýmir mætti ekki til leiks, „þrátt fyrir að leiðin var opin frá því seinni part laugardags“ og hefði Þrótti Nes verið dæmdur sigur í leiknum 3-0. Þar að auki kom fram í fréttinni að Ými yrði gert að greiða sekt vegna málsins. Setningin um fjársektina var síðar fjarlægð úr fréttinni.

Um leið og fréttin var birt ritaði forsvarsmaður Ýmis bréf til stjórnar BLÍ þar sem aðstæðum og ástæðum að baki ákvörðuninni að fara ekki austur var lýst ítarlega. Þar að auki var því harðlega mótmælt að félaginu yrði gert að sæta sekt vegna málsins þar sem enginn frá Blaksambandinu hafði kannað hvort Ýmir ætti sér einhverjar málsbætur (fylgiskj. nr. 7). Þess í stað var gert lítið úr

liðsmönnum Ýmis með því að segja í frétt á heimasíðu félagsins að það hafi verið fært og að félagið yrði sektað. Í svarbréfi sem forsvarsmanni Ýmis barst frá formanni stjórnar BLÍ dags. 7. nóvember kom fram að stjórn BLÍ hafði ekki fjallað um málið og liðið beðið afsökunar á þeim mistökum sem höfðu átt sér stað (fylgiskj. nr. 8)

Stjórn BLÍ fjallaði svo um málið á fundi sínum dags. 9. nóvember 2012 og komst að þeirri niðurstöðu að leggja ætti fjársekt á Ými vegna málsins. Var sú ákvörðun kynnt forsvarsmanni Ými með bréfi þann. 13. nóvember (fylgiskj. nr. 9). Í bréfinu er því ranglega haldið fram að lið Ýmis hafi ekki óskað eftir frestun leiksins en það var gert í þrígang þann 1., 2. og 3. nóvember. Var einnig reynt að ná í framkvæmdastjóra BLÍ að morgni hins 4. nóvember til að fara fram á frestun vegna illfærðar en án árangurs.

Til frekari útskýringar á málavöxtum er vísað til bréfs Ýmis til stjórnar BLÍ dags. 6. nóvember (fylgiskjal nr. 7).

Ákvörðun BLÍ um sektina dags. 9. nóvember sl. var kærð til Dómstóls ÍSÍ sem komst að þeirri niðurstöðu þann 17. desember (fylgiskjal nr. 12) að ákvörðunin væri haldinn þeim ágöllum að þess hafi ekki verið gætt að gera grein fyrir grundvelli sektarinnar, þ.e.a.s. hvaða reglur voru brotnar og viðurlög við því. Var ákvörðunin því felld úr gildi. Hvorki BLÍ né Ýmir nýttu sér rétt til að áfrýja niðurstöðunni. BLÍ tók hins vegar nýja ákvörðun í sama máli dags. 17. janúar og er grundvöllur þessarar kæru.

3.-4. Lagarök og röksemdir:

Í reglugerð BLÍ um frestanir leikja kemur fram í 4. gr. að leikur falli af mótaskrá ef um lokaðar leiðir er að ræða, þannig að lið kemst ekki til leiks vegna veðurs, ófærðar eða annarra ófyrirsjáanlegra ástæðna, nema ákvæði 6. gr. sé beitt sem fjallar um að mótanefnd hafi heimild til að breyta leiktíma innan sömu leikhelgar þegar um tímabundna lokun leiða er að ræða sbr. 4. gr. og að öðrum óviðráðanlegum orsökum. Þá kemur jafnframt fram í 4. gr. að leið telst fær ef flogið er áætlanarflug á leikdag (fylgiskj. nr. 10). Að mati Ýmis hefði átt, með vísan til reglugerðarinnar, að fresta leik Þróttar Nes og Ýmis um ótítekinn tíma þar sem mikill veðurofsi hafði geisað um landið dagana fyrir og um þessa helgi. Var ástandið verst á Norður- og Austurlandi. Einnig hafði fallið snjóflóð í Fagradal 2. nóvember. Það að flugfært sé frá Reykjavík til Egilsstaða geti ekki réttlætt tap og fjársekt þess liðs sem mætir ekki þegar illfært er á Neskaupstað. Þetta er löng og hættuleg leið, sérstaklega yfir vetrartíma og enn frekar þegar veðrið hefur verið slæmt og allt ófært nokkrum klukkustundum áður. Liðið hafði leigt sér stóra bifreið til að aka frá Egilsstöðum á Neskaupstað en þessi bifreið var ekki sérútbúin fyrir slæma færð.

Lið Ýmis getur státað af því að vera með hæsta meðalaldur liða í 1. deild kvenna í blaki en allir liðsmenn eru komnir yfir þrítugt. Við höfum allar að baki áratuga reynslu af ferðalögum og töldum allar það að leggja í þessa för væri ábyrgðarlaust og í raun óskynsamlegt. Þjálfari Ýmis, sem er fæddur og uppalinn á Neskaupstað, taldi ekki skynsamlegt að fara út í óvissuna þrátt fyrir að það yrði flogið á Egilsstaði enda óvíst með færð á þeim tíma sem ákvörðun um að fara ekki, var tekin.

Þá virðist framkvæmdastjóri BLÍ hafa tekið það upp á sitt einsdæmi að fresta ekki leiknum en í raun hafi það verið mótanefnd BLÍ sem hefði átt að taka ákvörðun um það. Var forsvarsmönnum Ýmis ekki bent á að mótanefnd hefði síðasta orðið í ákvörðunartöku en töldu bæði þjálfari og forsvarsmáður

Ýmis réttast að beina erindinu til framkvæmdastjórans. Þá virðist vera á huldu hverjir það eru sem skipa mótanefnd BLÍ en þegar farið er inn á tengil heimasíðu BLÍ merktan „Mótanefnd“ en engar upplýsingar eru um meðlimi né hvernig eigi að hafa samband við mótanefnd til að fá leik frestað.

Er það mat Ýmis á ákvæði 4. gr. reglugerðar að fullt tilefni hefði verið til þess að fresta leiknum fram yfir þessa umræddu helgi sem óveður gekk yfir landið þar sem ófært var þegar ákvörðunin var tekin og leiðir lokaðar og þar að auki með vísan til orðalagsins „eða annarra ófyrirsjáanlegra aðstæðna“ í ljósi slæmrar færðar um hættulega fjallvegi. Til samanburðar má benda á að leik Stjórnunnar í Garðabæ og Aftureldingar í Mosfellsbæ í sömu deild var frestað þann 7. nóvember sl. um viku þar sem vatnsleki var á leikstað (fylgiskj. nr. 11). Í samanburði við mál Ýmis er þetta smávægilegt vandamál sem hægt er að leysa með því að færa leikinn, sérstaklega þegar litið er til þess að Stjarnan Garðabæ hefur yfir að ráða mörgum leikstöðum, bæði í Ásgarði og í grunnskólum Garðabæjar.

Til frekari rökstuðnings er vísað til bréfs Ýmis til stjórnar BLÍ dags. 6. nóvember (fylgiskj. nr. 7).

Mál þetta hefur haft mikil áhrif á liðsmenn Ýmis sem auðvitað þykir öllum mjög leitt að hafa ekki komist á leikstað, ekki hefur afstaða og afgreiðsla BLÍ á málinu bætt úr skák en svo virðist sem engar afsakanir séu teknar gildar og liðinu mikil óvirðing sýnd á opinberum vettvangi með röngum fréttaflutningi á heimasíðu BLÍ. Þar að auki virðist BLÍ ekki sætta sig við fyrri úrskurð ÍSí um að galli hafi verið á fyrri ákvörðun þeirra, þannig að stjórn tekur bara nýja ákvörðun um sama efni dags. 17. janúar sem er grundvöllur þessarar kæru. Að mati Ýmis er sami ágalli á þessari ákvörðun og þeirri fyrri en ekki er tekin bein afstaða af hálfu stjórnar BLÍ um tap leiksins. Það er vísað í reglugerð BLÍ um að leikurinn sé tapaður en að mati Ýmis ætti stjórnin með réttu að fjalla um það sérstaklega og taka ákvörðun um tapið og svo sektina í framhaldi af því. Það er ekki gert og því okkar mat að vísa eigi þessari ákvörðun frá einnig. Aldrei hefur Ými verið gefið tækifæri á að bera ákvörðun um tapið undir Dómstól ÍSí en komist dómstóllinn að því að sú ákvörðun Ýmis að mæta ekki til leiks vegna veðurofsa hafi verið afsakanleg, þá eigi að sjálfsögðu að taka afstöðu til þess hvort leikurinn sé þá tapaður eður ei.

Liðsmenn Ýmis hafa að sjálfsögðu áhuga á að þessi leikur verði settur aftur á dagskrá og barátta á milli liðanna háð á Neskaupstað. Er því einnig gerð krafa um að Dómstóll ÍSí dæmi svo að tap leiksins verði afturkallað og leikurinn settur aftur á dagskrá Íslandsmótsins í blaki. Þetta er ítrasta krafa blakdeildar Ýmis, þ.e.a.s. að leikurinn verði settur aftur á og ákvörðun um fjársekt afturkölluð. Til þess að ná sátt í málinu er blakdeildin tilbúin til að fella sig við að leikurinn sé tapaður en að deildinni verði ekki gert að greiða fjársekt.

5. Sönnunargögn:

Til stuðnings máli sínu mun Blakdeild Ýmis leggja fram eftirfarandi sönnunargögn:

1. Tölvupóstur frá liðsmanni Ýmis til Þróttar Nes og BLÍ, beiðni um frestun leiks ásamt svörum, dags. 2.11.2012
2. Flugmiðar frá Reykjavík til Egilsstaða, dags. 4.11.2012
3. Upplýsingar um færð á Austurlandi þann 4. nóvember 2012, tölvupóstur dags. 19.11.2012
4. Umfjöllun um samgöngukerfið í Fjarðarbyggð, dags. 29.2.2012
5. Skilgreiningar Vegagerðar á færð á vegum, dags. 20.11.2012
6. Frétt af heimasíðu BLÍ, dags. 6.11.2012

7. Bréf Ýmis til stjórnar BLÍ, dags. 6.11.2012
8. Tölvupóstur frá formanni stjórnar BLÍ til forsvarsmanns Ýmis, dags. 7.11.2012
9. Bréf BLÍ til blakdeildar Ýmis um ákvörðun um fjársekt, dags. 13.11.2012
10. Reglugerð BLÍ um frestanir leikja
11. Frétt af heimasíðu BLÍ, dags. 7.11.2012
12. Úrskurður Dómstóls ÍSÍ, dags. 17.12.2012
13. Ákvörðun BLÍ, dags. 17.1.2013

Kærandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn allt fram að málflytningi málsins ef tilefni gefst til.

6. Vitni:

Kærandi telur ekki sérstaka þörf á að leiða vitni enda ættu skýrslur aðila og sönnunargögn að tala sínu máli.

Virðingarfyllst f.h. blakdeildar Ýmis

Inga Lillý Brynjólfsdóttir, formaður

FYLGA SKJAL NR. 1

Inga Liljý Brynjólfssdóttir

From: Blaksamband Íslands <bl@blf.is>
Sent: 3. nóvember 2012 11:18
To: Blaksamband Íslands; Aðalheiður Sigursveinsdóttir
Cc: bobba@va.is; hrafnhildur@filf.is; kristján.geir; jason@simnet.is; throtturnesblak@gmail.com; blakdeidh@icmail.com; Haraldsson, Matthias; hloðver.hloðversson@alcoa.com; valiz2001@hotmail.com; Brynjar Pétursson
Subject: SV: Leikur Þróttar Nes - Ýmis á laugardag

Sæl verið þú,

Næsta athugun á flugi er kl. 13 og því hefur verið ákveðið að fresta leiknum til morguns.

Nýr leiktími á þróttar Nes-Ýmir er kl. 13.30 sunnudaginn 4. nóvember.

Kv,
Sævar

Frá: Blaksamband Íslands
Sent: 2. nóvember 2012 15:26
Vítakandi: Blaksamband Íslands; Aðalheiður Sigursveinsdóttir
Afrif: bobba@va.is; hrafnhildur@filf.is; kristján.geir; jason@simnet.is; throtturnesblak@gmail.com; blakdeidh@icmail.com; Haraldsson, Matthias; hloðver.hloðversson@alcoa.com; valiz2001@hotmail.com; Brynjar Pétursson
Efni: RE: Leikur Þróttar Nes - Ýmis á laugardag

Sæl verið þú,

Nú stendur fyrir öðrum að leikur þróttar Nes og Ýmis gæti frestast sökum veðurs á morgun laugardag. Líð Ýmis á flug með fyrstu véli í fyrramálið. Verði vélin ekki farin í loftið kl. 11.00 frestast leikurinn um 1 sólarhring, þ.e. til sunnudagsins 4. nóvember kl. 13.30.

Ég vil biðja Heiðu um að vera í sambandi við mig með stöðu á fluginu í fyrramálið.

Dómarar leiksins eru inni í þessum pósti sem og allir sem koma að þessu máli, þ.m.t. mótanefnd BLÍ.

Kær kveðja/Best regards,

Sævar Már Guðmundsson
ICELANDIC VOLLEYBALL ASSOCIATION
Framkvæmdastjóri/General Secretary
Tel: +354 5144111
E-mail: blf@blf.is

From: Blaksamband Íslands
Sent: 2. nóvember 2012 12:54
To: Aðalheiður Sigursveinsdóttir
Cc: bobba@va.is; hrafnhildur@filf.is; kristján.geir; jason@simnet.is; throtturnesblak@gmail.com; blakdeidh@icmail.com
Subject: RE: Leikur Þróttar Nes - Ýmis á laugardag

Sæl verið þú,

tt o.s.frv.

Tanir leiðja segir til um svona frestanir. Leik verður ekki frestað nema um lokaða leið sé að ræða. Ef hann settur á innan sömu leikhelgar og þar getur Ýmir ekki sagt að það gangi ekki fyrir þær að um.

skrar/filf/starfsat2011/Reglugerdir/f_frestanir_leiðja.pdf

Fært í fyrramálið frestast leikurinn og verður settur á þegar það verður fært — líklegast fram á

ágerðs,
Indsson
BALL ASSOCIATION
General Secretary
mailto:blf@blf.is

Sigursveinsdóttir [mailto:adalaheidur.sigursveinsdottir@anonbanki.is]
2012.12.29
sláðs
mailto:hobba@va.is; hrafnhildur@filf.is; mailto:hrafnhildur@filf.is;
ifrar Nes - Ýmis á laugardag

m gengur nú yfir landið vil ég fyrir hönd Ýmis óska eftir því að leik Ýmis og þróttar N í 1. Deild
að.
rinn eigi að hefjast kl. 13:30 á morgun laugardaginn 3. nóvember.
flegið til og frá Reykjavík í dag og ekki útið fyrir að svo verði í dag. Vindhraði mun samkvæmt
erða nokkuð mikill framan af degi á morgun, þ.e. lítil minni en nú er og því mjög ólíklegt að Ýmir
settaðar á fyrir áætlaðan leiktíma.

nóguleiki fyrir Ými að fara leikinn yfir til sunnudags, finna þarf aðra dagsetningu ef að af frestum
viðbrögð,

<http://www.anonbanki.is/?pageid=5182>

Nr. 2 heft frá í Óamból
2012 11/3 '12

Inga Lilly Brynjólfssdóttir

From: Air Iceland Reservations <websales@airiceland.is>
Sent: 3. nóvember 2012 13:27
To: Inga Lilly Brynjólfssdóttir
Subject: Reservation confirmation: 1966249

*Nr. 3. Loss fram í
 Darnast 1584 4/313
 AB*



Dags.: Sat-03 Nov 2012 13:26 Reikningur Nr.: 1966249

Bókunarnúmer: 1966249

Bókun gerð þann Wed-24 Oct 2012 15:19

Við innritun skal framvísa bókunarnúmeri og persónuskilríkjum. Ath að í millilandaflugi þarf að hafa vegabréf eða ökuskrifteini meðferðis, ekki er nóg að framvísa debit/kredit korti. Vinsamlegast athugið að mæting er 30 mínútum fyrir brottför í innanlandsflugi og 1 klst. fyrir brottför í millilandaflugi.

Greiðandi: HANDKANTTLEIKSFÉLAG KÓPAVOGS
 Heimilisfang:

FRÁ/IL	FLUGNÚMÉR	DAGS	BROTTFÖR	KOMA
RKV (Reykjavík) / EGS (Egilsstaðir)	NY 328	04 Nov 2012	Sun-04 Nov 2012 09:15	Sun-04 Nov 2012 10:15

Farþegar:	Tegund farþegjalds	Grunngjald	Fargjald
INGA LILLY BRYNJÓLFSSDÓTTIR	K - KISI	9,625 ISK	9,625 ISK
Sæti :	PXF: Passenger Fee Adult From RKV - RKV	850 ISK	850 ISK
	CARD: Carbon charge Domestic - RKV	150 ISK	150 ISK
	FUEL: Fuel charge domestic from RKV Adult - RKV	1,000 ISK	1,000 ISK
ADALHEIÐUR SIGURSSVEINSDÓTTIR	K - KISI	9,625 ISK	9,625 ISK
Sæti :	PXF: Passenger Fee Adult From RKV - RKV	850 ISK	850 ISK
	CARD: Carbon charge Domestic - RKV	150 ISK	150 ISK
	FUEL: Fuel charge domestic from RKV Adult - RKV	1,000 ISK	1,000 ISK
BIRNA HALLSDÓTTIR	K - KISI	9,625 ISK	9,625 ISK
Sæti :	PXF: Passenger Fee Adult From RKV - RKV	850 ISK	850 ISK
	CARD: Carbon charge Domestic - RKV	150 ISK	150 ISK
	FUEL: Fuel charge domestic from RKV Adult - RKV	1,000 ISK	1,000 ISK
OLGA KOLBRÚN VILMUNDARDÓTTIR	K - KISI	9,625 ISK	9,625 ISK
Sæti :	PXF: Passenger Fee Adult From RKV - RKV	850 ISK	850 ISK
	CARD: Carbon charge Domestic - RKV	150 ISK	150 ISK
	FUEL: Fuel charge domestic from RKV Adult - RKV	1,000 ISK	1,000 ISK
BRYNJAR J PÉTURSSON	K - KISI	9,625 ISK	9,625 ISK
Sæti :	PXF: Passenger Fee Adult From RKV - RKV	850 ISK	850 ISK
	CARD: Carbon charge Domestic - RKV	150 ISK	150 ISK
	FUEL: Fuel charge domestic from RKV Adult - RKV	1,000 ISK	1,000 ISK
BRYLJA RÚN STEFÁNSDÓTTIR	K - KISI	9,625 ISK	9,625 ISK
Sæti :	PXF: Passenger Fee Adult From RKV - RKV	850 ISK	850 ISK
	CARD: Carbon charge Domestic - RKV	150 ISK	150 ISK
	FUEL: Fuel charge domestic from RKV Adult - RKV	1,000 ISK	1,000 ISK
BRYNDÍS GUNNARSDÓTTIR	K - KISI	5,775 ISK	6,775 ISK
Sæti :	PXF: Passenger Fee Child from RKV - RKV	425 ISK	425 ISK
	CARD: Carbon charge Domestic - RKV	150 ISK	150 ISK
	FUEL: Fuel charge domestic child frá RKV - Rkv	1,000 ISK	1,000 ISK

FRÁ/IL	FLUGNÚMÉR	DAGS	BROTTFÖR	KOMA
EGS (Egilsstaðir) / RKV (Reykjavík)	NY 355	04 Nov 2012	Sun-04 Nov 2012 19:25	Sun-04 Nov 2012 20:25

Farþegar:	Tegund farþegjalds	Grunngjald	Fargjald
INGA LILLY BRYNJÓLFSSDÓTTIR	K - KISI	9,625 ISK	9,625 ISK

Nr. 4
 Inga Lilly Brynjólfsson
 555 6/3/13

Inga Lilly Brynjólfsson

From: kristinn.thjonnsson@vegagerdin.is
Sent: 19. nóvember 2012 13:47
To: Inga Lilly Brynjólfsson
Subject: Færó 4.11 Egilsstaðir-Neskaupstaður

Fagrdalur

Norðfj. v. um Fagradal:Sev	91121	Hál - (ekki frekari skráning)	04.11.2012 13:46	sgs
Norðfj. v. um Fagradal:Sev	91121	Hál - Hákurvarð	04.11.2012 10:30	abg
Norðfj. v. um Fagradal:Sev	91121	Hál - Unni að úmökstri	04.11.2012 10:30	abg
Norðfj. v. um Fagradal:Sev	91121	Hál - (ekki frekari skráning)	04.11.2012 08:08	sgs
Norðfj. v. um Fagradal:Sev	91121	Þungfært - Unni að mökstri	04.11.2012 07:40	sgs
Norðfj. v. um Fagradal:Sev	91121	Ófært - Vegna snjós - U.A.U	04.11.2012 06:18	sgs
Norðfj. v. um Fagradal:Sev	91121	Óþekkt - (ekki frekari skráning)	04.11.2012 02:55	elit_not

Oddsakaró

Norðfj. v. um Oddsak. Eski	91124	Hál - Hákurvarð	04.11.2012 11:11	sgs
Norðfj. v. um Oddsak. Eski	91124	Hál - (ekki frekari skráning)	04.11.2012 08:22	isafjorc
Norðfj. v. um Oddsak. Eski	91124	Þungfært - Unni að mökstri	04.11.2012 06:22	sgs
Norðfj. v. um Oddsak. Eski	91124	Óþekkt - (ekki frekari skráning)	04.11.2012 02:55	elit_not

Reyðarfjörður- Eski

Norðfj. v. Reyðarfj.	91123	Hákkublaðir - (ekki frekari skráning)	04.11.2012 08:17	sgs
Norðfj. v. Reyðarfj.	91123	Óþekkt - (ekki frekari skráning)	04.11.2012 02:55	elit_not

Kveðja,
 Kristinn Þ. Jónsson
 Deildarsjafi umferðarþjónustu Ísafirði

FYLGISKJAL NR. 4

Fjarðabyggd - Forsíða

Forsíða/Ítarlegri fréttir
Til baka

Nr. 5. Lagt fram!
Dómst. P. III 6/3 '13
[Signature]

Börn send á íþróttæfingu yfir hættulegan fjallveg

29.2.2012

Öruggt samgöngukerfi er forsenda þess að samfélagið í Fjarðabyggð geti þroskast og dafnað og þar eru ný Norðfjarðargöng efst á forgangslistanum

Það er þakkarvert að ekki fór verr þegar rúta með átta manns fór út af veginum í Oddsskarði síðastliðju fimmtudagskvöld. Aðstæður voru erfiðar, háka og ívassviðri, en þetta er einfaldlega kaldur veruleikinn sem íbúar Fjarðabyggðar búa við stóran hluta ársins. Framkvæmdir við nýjan veg um Oddsskarð og ný göng mega ekki dragast lengur. Það er ófært að íbúar Fjarðabyggðar þurfi að leggja sig í heitu við að sækja vinnu, skóla eða afþreyingu innan sveitarfélagsins.



Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fyllt mér frá Austfjarðaleið flytur fyrirtækið um 35.000 farþega um Oddsskarð á ári hverju og er þá öll ömur umferð ótalin. Að sögn Austurleiðarmanna fer ein rúta um Oddsskarð á vegum fyrirtækisins að ræðaltali á klukkutíma fresti allan sólarhringinn. Fyrirtækið flytur starfsmenn Alcoa til og frá vinnustað, unglinga í skóla og börn á íþróttæfingar, svo eitthvað sé nefnt. Foreldrar eru oft með lífið í líkunum þegar börn þeirra eru að sækja sjálfangða og eðlilega þjónustu innan sveitarfélagsins. Austfjarðaleið ásamt fleirum gegnir hlutverki strætis í okkar heimabyggð og ég efst stórliga um að íbúar hófuðborgarsvæðisins yrðu sáttir ef þeir þyrftu að senda börnin sín á íþróttæfingu um jafn erfiðan veg og veginum yfir Oddsskarði er.

Miklir þungaflutningar eru á hverjum degi með fiskafurðir yfir Oddsskarð og sjúkraflutningar til og frá Fjórðungsjúkrahúsinu í Neskaupstað. Fjarðabyggð er öflugt byggðarlag og stórt atvinnusvæði sem skilar gríðarlega miklum tókjum til þjódarþúsins og leggur samarlega sitt af mörkum í efnahagsuppbyggingu þjóðarinnar.

Í sveitarfélaginu er m.a. öflug útgerð og atvinnsla og alls fara 25% af heildarútlutningi þjóðarinnar frá Fjarðabyggð á markað erlendis. Öruggt samgöngukerfi er forsenda þess að samfélagið í Fjarðabyggð geti þroskast og dafnað og þar eru ný göng um Oddsskarð efst á forgangslistanum. Íbúar á svæðinu búa við samgöngur sem eru barn síns tíma. Nútímavæðing erð leggur áherslu á að vegir liggja sem mest á láglandi og borað sé gegnum fjöfl. Íbúar í Neskaupstað búa við þröng og stórhættuleg jarðgöng þar sem grjótnullungar hrynja úr gangalofninu.

Til þess að komast að göngunum þurfum við að aka upp í 632 metra hæð yfir sjávarmáli, oft við erfið skilyrði. Og íbúarnir hafa ekkert val. Þetta er tenging okkar við umheiminn. Ný göng eru á samgönguáætlun fyrir árin 2015 til 2018 og útböðsgögn fyrir framkvæmdina eru tilbúin.

Við Austfirðingar getum ekki boðið lengur eftir sjálfsögðum framkvæmdum. Við krefjumst þess að hafist verði handa við ný göng strax á næsta ári.

Jens G. Helgason
Formaður bæjarráðs í Fjarðabyggð.

Til baka

Meira

DÚ ERT Á GÖÐUM STAÐ

Fjarðabyggð

... fyrir krakkana ... fyrir foreldrunum ... fyrir eldri

- Áherslur og lýrisourmir
- Stafrætt
- Stafrætt
- Vefur
- Íslenska
- English

Stærri leturMinnu letur Íslandstungur
Leita Leita

- [Norðfjörður](#)
- [Mjólfjörður](#)
- [Eskifjörður](#)
- [Reykrafjörður](#)
- [Fiskrafjörður](#)
- [Stöðvarfjörður](#)

- [Forsíða](#)
- [Mening og tónstundir](#)
- [Stjórnsvið](#)
- [Þjónusta](#)

Share |

Skrifstofur Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð. Sími . Bréfasími . fjarðabyggd@fjarðabyggd.is Kennitala 470698-2099. [Starfsmenn](#) [Stofnanir](#)



FYLGTÖSKJAL NR. 5

Skilgreiningar á færð á vegum.

Nr. 6 lagð fram
Dómstólur
6/3 '13

Greiðfært: Hálkulaust yfirborð eða a.m.k. annað hjólfar er autt á hverri akrein og snjór eða ís á öðrum hlutum vegarins er það lítilt að vegfarendum stafar ekki hættu af.

Hálkublettir: Hált vegyfirborð sem er hulið ís eða þjöppuðum snjó á allt að 20% af lengd vegarkafans.

Hált: Hált vegyfirborð sem er hulið þurrum ís eða snjó á meira en 20% af lengd vegarkafans.

Flughált: Ísing (glæra) eða vegyfirborð hulið blautum ís eða blautum þjöppuðum snjó á meira en 20% af lengd vegarkafans.

Krap/snjór: Vegyfirborð þakið að hluta eða öllu leyti með allt að 10 cm þykkum vatnsmettuðum eða lausum/lítið þjöppuðum snjó.

Þæfingur: Vegyfirborð þakið að hluta eða að öllu leyti með 10-20 cm lausum eða lítið þjöppuðum snjó og/eða stökum minni háttar sköflum og færð þannig að ekki telst öruggt færi nema fyrir fólksbifreiðar með drif á öllum hjólum.

Pungfært: Vegyfirborð þakið af snjó með þykkt meiri en 20 cm og/eða stökum sköflum og færð þannig að ekki telst öruggt færi nema fyrir jeppa og stærri ökutæki.

Ófært: Snjóþyngsli það mikil að ekki telst fært fyrir almenn ökutæki. Þessi lýsing á einnig við þegar vegur er ófær af öðrum ástæðum eins og skriðuföllum, vatnsflóðum o.þ.h.



Áspungi/heildarpungi 10t og 7t/5t/2t: Takmörkun á þunga ökutækja (einkennt með áspungamerki B18.xx)



Vegavinna: Vegavinna/brúarvinna á vegi eða kafla og þess eðlis að ástæða er til að vara vegfarendur við og hvetja til aðgæslu (einkennt með vegavinnumerki A17.11)



Ósléttur vegur: Vegur eða vegarkafli það ósléttur að ástæða er til að vara vegfarendur við (einkennt með öldumerki A20.11)



Steinkast: Yfirborð vegar eða vegarkafli með lausri mól og hætta á steinkasti (einkennt með steinkastmerki A22.11)



Allur akstur bannaður: Vegi eða vegkafla lokað fyrir allri umferð ökutækja m.a. til að verja hann skemmdum (einkennt með merkinu allur akstur bannaður B01.11)

Skilgreiningar á aðstæðum.

Óveður: Vindhraði 19 m/sek (hvassviðri, 37 hnútar) eða meiri eða vindhviður eru meiri en 26 m/sek (51 hnútar).

Snjókoma: Snjókoma það mikil að vegsýn er skert að einhverju leyti og/eða hætta er á að færð geti þyngst á næstu klukkustundum.

Skafrenningur: Laus snjór og vindhraði meiri en 11 m/sek (kaldi, 18 hnútar) og snjófok það mikið að vegsýn er að einhverju leyti skert og/eða hætta er á að færð geti þyngst á næstu klukkustundum.

☛ Stórhrið: Vindhraði 16 m/sek eða meiri (allhvass, 30 hnútar) og ofankoma, erfitt ferðaveður og mikil hættu á að færð geti þyngst á skömmum tíma.

☞ Eljagangur: Talsverð ofankoma og fjúk getur verið í eljunum en á milli er mun bjartara veður og betra skyggni.

☞ Þoka: Dimm þoka með það skertri vegsýn að m.t.t. umferðaröryggis er talin ástæða til að vara öikumenn við.

☛ Mokstur: Unnið að mokstri.

4x4 Fært fjallabílum: Þessi skráning er eingöngu notuð þegar búið er að opna fjallvegi og hliðstæða vegi (t.d. Sprengisandsleið, veg í Laka o.s.frv.) og þá fyrir þær leiðir þar sem ekki er talið ráðlegt að fara um á fólksbílum.

? Ekki vitað: Ekki vitað um færð.

Til baka